

# Leiðsögn – stéttarfélag leiðsögumanna

Fundur nýs trúnaðarráðs 3. maí 2022 kl. 18.30

Staður: Skrifstofa félagsins, Stórhöfða 29 + fjarfundur

Mættir: Friðrik Rafnsson (FR), Snorri Steinn Sigurðsson (SSS), Harpa Björnsdóttir (HB), Valva Árnadóttir (VÁ), Guðný Margrét Emilsdóttir (GME), Áslaug J. Marinósdóttir (ÁJM), Sigurður Albert Ármannsson (SAÁ), Indriði H. Þorláksson (IHP), Óskar Kristjánsson (ÓK).  
Kl. 19:00 mæta Leifur Björnsson (LB) og Birna Imsland (BI) v/vinnu.

Á fjarfundi: Pétur Gunnarsson (PG), Hallfríður Þórarinsdóttir (HP)  
(Gunnsteinn Ólafsson (GÓ) kom inn í smástund en vont samband)

Boðuð forföll: Kári Jónasson (KJ)

Fjarverandi: Hildur Bjarnason (HBj), J. Birna Halldórsdóttir (JBH), Ellert Sigurðsson (ES), Bergsteinn Harðarson (BH), Guðni Gunnarsson (GG), Sigurður Magnússon (SM)

1.	<b>Fundur settur</b>	Formaður FR setur fund og býður nýtt trúnaðarráðsfolk velkomið og skýrir frá hvernig hlutverk í stjórn voru ákveðin á nýafstöðnum stjórnarfundi.	U	Friðrik
2.	<b>Auka-aðalfundur</b>	Formaður útskýrir að boða þurfi til auka-aðalfundar von bráðar, m.a. til að ákveða aðildargjald. Stefnt er að því að boðið verði upp á áhugavert fræðsluerindi á fundinum, t.d. um öryggismál á ferðamannastöðum, en einnig stingur SAÁ upp á erindi á vegum Landverndar um náttúruvernd og ferðamennsku.	U	Friðrik
3.	<b>Stjórn Endurmenntunarsjóðs</b>	Formaður upplýsir um núverandi skipan stjórnar Endurmenntunarsjóðs, FR er formaður, HB sem stjórnarmaður og Birna Imsland var kjörin á aðalfundi sem fulltrúi félagsmanna. SAF tilnefnir tvo fulltrúa og sitja núverandi aðilar áfram, þau Unnur Svavarsdóttir og Arnar Már Ólafsson.	U	Friðrik
4.	<b>Kjaranefnd og kjaramál</b>	SSS segir frá starfi Kjaranefndar síðasta árið, það er verið að gefa duglega í og taka harðar á kjarabrotamálum en verið hefur. Gott samstarf hefur verið við ASÍ um að taka á fyrirtækjum sem hafa orðið uppvís að því að brjóta vinnulöggjöf. ASÍ er einnig tilbúið til að taka samtalið með LS við SAF, en svo er spurning hvernig á að ná til fyrirtækja sem standa utan SAF. Formaður segir ómetanlegt að hafa liðsstyrk af ASÍ. Óskað hefur verið eftir samstarfi við Bárúna um vinnustaðaeftirlit á Suðurlandi, en skipulag og kostnaður við það er ekki komið á hreint. Samningur hefur verið við Framsýn um vinnustaðaeftirlit á Norðurlandi.	U	Snorri

		<p>(kl. 19:00 koma Birna Imsland og Leifur Björnsson á fundinn)</p> <p>Rætt um nauðsyn þess að þekking sé hjá Kjaranefnd og á skrifstofunni til að reikna út laun og lesa úr kjarasamningum, svo hægt sé að leiðbeina bæði félagsmönnum og fyrirtækjum. Sú þekking er að byggjast upp og horfir mikið til hins betra með nýju fólki og nýjum áherslum í Kjaranefnd.</p> <p>SAÁ benti á nauðsyn þess að fyrirspurnir, samskipti og beiðnir um útreikninga kjarasamninga fari fram einungis í skrifuðum tölvusamskiptum en ekki í símtölum, svo hægt sé að halda betur utan um málin. Nú er Kjaranefnd komin með sitt eigið netfang sem mun auðvelda allt slíkt. Einnig stungið upp á að setja á heimasíðuna 10 algengustu spurningarnar um kjaramál og svör við þeim. Formaður Kjaranefndar bendir á að það vanti tölfræðilegar upplýsingar um kjaramál.</p> <p>ÁJM spyr hvort stóru stéttarfélögin t.d. VR og Efling, séu að beina aðilum sem vinna við leiðsögn til LS, það ætti að vera reglan.</p> <p>Rætt um þjóðgarðana og hlutverk þeirra í ráðningasambandi og kjaramálum innan þjóðgarðs. Hver er ábyrgð þjóðgarðs þegar hann veitir öðrum aðilum leyfi til starfsemi og sá aðili brýtur vinnulöggjöf? Spurt hvort keðjuákvæðið sé þá í gildi?</p> <p>Ákveðið að formaður sendi formlegt erindi á m.a. Vatnajökulsþjóðgarð og Þingvallabjóðgarð til að kanna í hvað farvegi þessi mál eru þar og hvaða augum litin.</p> <p>SSS nefnir að til séu fyrirtæki sem brjóti aftur og aftur á starfsfólki, þess vegna mikilvægt að upplýsa sem flesta um réttindi sín. Ef vinnuveitandi neitar starfsmanni um að greiða iðgjöld í LS, eins og dæmi eru um, þá er hann að brjóta lög. En starfsfólkið þarf líka að vita að það þarf að vera í félaginu til að fá aðstoð. Vill SSS leita til annarra stéttarféлага til að fá upplýsingar um hvernig þau beita sér í slíkum „síbrota“málum.</p> <p>VÁ segist hafa reynt að koma framfæri hvað það er sem á að vera til staðar í ráðningasamningi og hvað á launaseðlum, en þetta er mjög ólíkt milli fyrirtækja. Hugmynd Kjaranefndar er að útbúa staðlað form sem Leiðsögn mæli með, í líkingu við það sem Vinnumálastofnun notar.</p> <p>Rætt um verktakagreiðslur. Sum fyrirtæki bjóða leiðsögumönnum að velja um að taka laun sem launþegi annars vegar eða sem verktaki hins vegar með 22-25% álagi. Slíkt verktakatilboð telst undirboð og gerviverktaka, auk þess er þetta andstætt því sem tíðkast í verk-</p>	<p>U</p> <p>U</p> <p>Á</p>	<p>Friðrik</p>
--	--	--	----------------------------	----------------

	<p>töku því launaskilyrðin eru sett fram af verkkaupa en ekki verksala. Það þarf að einbeita sér að þeim sem vinna í verktöku eða eru sjálfstætt starfandi, að þeir séu ekki að samþykkja undirboð vegna ónógra upplýsinga um réttindi sín. IHP beinir því til stjórnar að stofna sérstakan starfshóp til að skoða þessi mál.</p> <p>Eins og sjá má eru kjaramálin fólki hugleikin og eru efni í sérstakan félagsfund. Samþykkt að halda félagsfund í haust í undirbúningi kjaraviðræðna.</p> <p>Skv. lögum félagsins á trúnaðarráð að skipa nýja Kjaranefnd strax að afloknum aðalfundi. SSS óskar eftir því að fá áframhaldandi umboð fram að næsta fundi trúnaðarráðs til að finna öflugt fólk í viðræðunefnd og koma með tillögur sínar á næsta fund. Er það samþykkt. Einnig er því beint til trúnaðarráðs að koma með ábendingar um traust og gott fólk í samningagerðina.</p> <p>IHP leggur til að formaður taki að sér (FR er skv. lögum félagsins formaður viðræðunefndar) í samvinnu við formann Kjaranefndar að gera tillögu að hópi í viðræðunefnd og leggi fyrir næsta trúnaðarráðsfund. Hann ítrekar að viðræðunefnd þurfi að vera skipuð samstilltum hópi þar sem reynsla og þekking skipti miklu máli.</p> <p>BI nefnir nauðsyn þess að greitt sé fyrir vinnu Kjaranefndar og samninganefndar, vinna við kjarasamninga verði ekki gerð í sjálfboðavinnu, og taka fundarmenn undir það. Vísað til stjórnar.</p>	<p>Stjórn</p> <p>Á Stjórn</p> <p>Á Snorri Trúnaðarráð</p> <p>Á Friðrik Snorri</p> <p>U</p> <p>Á Stjórn</p>	
<b>Önnur mál</b>	<p>a) SAÁ vill ræða hvernig á því standi að sumir félagsmenn geti átölulaust tekið yfir umræðu á aðalfundum ár eftir ár og kallar það „félagslegt skemmdarverk“ sem sé farið að fæla fólk frá því að mæta á aðlfundi félagsins. Vill hann að tekið sé á þessu, jafnvel með brottvísun af fundi. Eftir umræður er niðurstaðan þó sú að ekki sé hægt að banna félagsmönnum að taka til máls á fundum, en með góðri fundarstjórn ætti að vera hægt að hafa hemil á þeim sem spilla fundum.</p>	U	
<b>Fundi slitið 20:08</b>			

Fundargerð staðfest:

\_\_\_\_\_  
Friðrik Rafnsson, formaður

\_\_\_\_\_  
Harpa Björnsdóttir, ritari